



3. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn þriðjudaginn 9. júní á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Ólafur Thoroddsen (ÓTh) og Geirarður Long (GL). Einar Grétarsson, Anna Sigurðardóttir og Eymundur Sigurðsson boðuðu forföll.

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Gestur á fundinum undir lið var Guðrún Kristín Einarsdóttir formaður blakdeildar.

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Seinni úthlutun rekstrar- og afreksstyrkja.**

Seinni úthlutun á rekstrarstyrkjum og afreksstyrkjum kynnt og vakin athygli á að handknattleiksdeild er eina deildin sem ekki úthlutar jafnt milli karla og kvennadeildar.

2. **Erindi frá handboltadeild.**

Erindi frá handknattleiksdeild um neyðarlán. Rætt um fjárhagsvanda handknattleiksdeildar BUR og neyðarlán samþykkt til eins og hálf mánaðar til þess að dekkja sjóðsstreymi. Slíkt er undantekning enda um neyðarlán að ræða.

3. **Vinnuhópur v. Uppskeruhátíðar.**

Minnisblað vinnuhóps v/upskeruhátíðar og vorhátíðar félagsins lagt fram. Umræðu frestað til næsta fundar.

4. **Fundargerð Búninganefndar.**

Fundargerð Búninganefndar frá 13. maí sl. rædd og engar athugasemdir gerðar. Eftir þennan lið vék Indriði framkvæmdastjóri af fundi.

5. **Erindi frá blakdeild.**

Guðrún Kristín Einarsdóttir formaður blakdeildar kom og kynnti fyrir aðalstjórn bréf frá Blaksambandi Íslands (BÍ).

BÍ fer fram á að gólfefni í sal 3 þar sem leikir blaksins fara fram verði endurnýjað og þar komi fjaðrandi grind og nýr dúkur. Kvartanir hafa borist frá öllum þeim félögum sem komið hafa og spilað á þessu gólfi á Íslandsmóti sl. vetur. Ef ekki verður brugðist við og gefin upp áætlun á bragabót mun UMFA jafnvel ekki fá að halda mót.

Dagný formaður tók að sér að fylgja málinu eftir og koma því til þeirra sem stjórna viðhaldsmálum hússins.

Ekki fleiri mál á dagskrá og fundi slitið kl. 19.15

Fundargerð ritaði:

Birna Kristín Jónsdóttir

(sign.)